



Skýrsla framkvæmdastjóra ÆSKP Starfsárið 2017

ERLENT SAMSTARF

Eitt af markmiðum ÆSKP er að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnast ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi. Við höfum undanfarin ár tekið þátt í starfi European Fellowship of Christian Youth (EF) sem eru regnhlífarsamtök kristinna æskulýðssambanda. ÆSKP hefur undanfarið verið *associate member*. Á síðasta aðalfundi sem haldin var í Berlín var umsókn okkar um að gerast *Full member* samþykkt. Við höfum því núna fullan atkvæðisrétt og getum boðið fram fulltrúa í stjórn.

Sigurður Óskar Óskarsson sat fundinn fyrir hönd ÆSKP, hann bauð sig jafnframt fram til stjórnar, hann var kjörinn Activities Coordinator og sér um að ritstýra fréttablaði félagsins og er tengiliður félagsins við meðlimi.

Fjárhagur EF hefur verið lengi verið í molum sökum lélegs bókhalds og fjárhagsskipulags. Var leitað til Guðmundar Karls og fór hann yfir fjármálin og aðstoðaði stjórnina við að koma bókhaldinu á réttan kjöl. European Fellowship er skráð sem félag til þess að geta fengið styrki til að halda úti skrifstofu og starfsmanni. Hins vegar er þörf á fjármagni til að greiða fyrir faglega bókhaldsþjónustu helst í sama landi og félagið er skráð.

Næsti aðalfundur verður haldinn 9.-11. mars í Kaupmannahöfn. Þá þarf að kjósa nýjan formann. Sigurður Óskar og Jónína Sif munu sitja fundinn fyrir hönd ÆSKP.

Árlega heldur European Fellowship námskeiðið Easter Course sem fer fram um páska og er ætlað ungmennum á aldrinum 18-25 ára í kristilegu starfi. Á síðasta ári var það haldið í Danmörku, en þá fór einn þátttakandi frá ÆSKP. Næsta Easter Course verður haldið í

Finnlandi 25. mars -1. apríl. Tveir þátttakendur frá Íslandi koma til með að taka þátt í námskeiðinu.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Kirkjuþing unga fólksins kom saman á Biskupsstofu laugardaginn 20. maí 2017. Ása Laufey Sæmundsdóttir og Kristján Ágúst Kjartansson voru verkefnastjórar þingsins. Sá þau um undirbúning og framkvæmd í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og framkvæmdastjóra ÆSKÞ. 16 kirkjuþingsfulltrúar þátt í þinginu. Hafdís Ósk Baldursdóttir var kjörin forseti þingsins.

Á þinginu voru tekin fyrir 5. mál:

- Farskóli leiðtogaefna verði fjölþjóðlegt verkefni.
- Ósk um samræmt námskeið fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi Kirkjunnar
- Áskorun um að útrýma einnota plastmálum í safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2019.
- Óskað eftir starfshóp til að endurskoða skipulag æskulýðsmála þjóðkirkjunnar.
- Kallað eftir sterkari stöðu ungs fólks á kirkjuþingi.

Eline Rabbevåg sat sem fulltrúi KUF á kirkjuþingi. Á þinginu mátti sjá og heyra að áhrif kirkjuþings unga fólksins er farið að gæta víða. Eitt af málunum sem samþykkt voru þar var: „hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn“. Megin inntak málsins var að: „Miða skal við að ungt fólk, þ.e. sem er á aldrinum sextán til þrjátíu ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar (20%) þeirra innan hvers skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarétt.“

Sýnir þetta okkur svart á hvítu að rödd unga fólksins er farin að skipta kirkjuna æ meira máli og er nokkuð víst að tilvist kirkjuþings ungafólksins á stóran þátt í því.

GLEÐIGANGAN

ÆSKÞ tók í fjórða sinn þátt í gleðigöngunni þann 12. ágúst. Hjalti Jón Sverrisson stýrði verkefninu fyrir hönd ÆSKÞ. Að kvöldi 11. ágúst hittust leiðtogar og æskulýðsbörn í Laugarneskirkju til þess að undirbúa, borða og fræðast saman. Sr. Davíð Þór Jónsson hélt áhugavert erindi um trú, samkynhneigð og fordóma sem var vel tekið. Í ár fengum við lánaðan

pallbíl hjá B&L, á pallinn var síðan settur tveggja metra hár kross klæddur í fánaliti gleðigöngunnar, umkringdur blöðrum í öllum litum. Heppnaðist þetta ákaflega vel og var þátttaka með allra besta móti.

Hjalti Jón hefur tekið að sér verkefnastjórnun fyrir gleðigönguna. Við hvetjum leiðtoga að taka þátt í verkefninu og hvetja æskulýðsbörn til þátttöku.

HAUSTNÁMSKEIÐ

ÆSKP og ÆSKR héldu haustnámskeið fyrir leiðtoga í samvinnu við Biskupsstofu. Fyrir hluti námskeiðsins fór fram í Lindakirkju þar sem leiðtogar fengu þjálfun í skyndihjálpi. Síðari hlutinn var fyrirlestur um æskulýðsmál haldinn af Abigail Rusert frá Princeton youth ministry. Var það ákaflega áhugavert og gagnlegt að fá sjónarhorn erlendis frá.

LANDSMÓT ÆSKP

Landsmót ÆSKP var haldið á Selfossi 20.-22. október 2017. Landsmótsstjórar voru Ása Laufey Sæmundsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir. Þema mótsins var umhverfisvitund, undir yfirskriftinni (ó)nýtt landsmót.

Mótið heppnaðist í alla staði ákaflega vel. Þátttakendur voru til fyrirmyndar og sérstaklega má hrósa þeim fyrir góða umgengni og virka þátttöku á mótinu. Kirkjan er líka ákaflega heppin með leiðtogana sem hafa valið sér starf með unglíngunum. Leiðtogar sem eru alltaf tilbúnir til að leggja til hönd og hjálpa bæði hópnum sínum og hóp annarra leiðtoga á sama tíma og allir leggjast á eitt að gera mótið að frábærri stund fyrir þá sem þangað leggja leið sína.

Á dagskrá voru liðir eins og sundlaugapartý, messy church, MIP, spil, lofgjörðarstundir, hæfileikakeppni, hvíslhorn, kvöldvökur, ball og messa. Tónlistarhópurinn Sálmari sá um kvöldvökurnar og tónlist í messunni.

Þátttakendur á mótinu gistu í Vallaskóla. Dagskráin fór að mestu fram í íþróttahúsinu IÐU og víðs vegar um bæinn. En eitt af markmiðum landsmótsnefndar var að auka sýnileika mótsins og var það meðal annars gert með því að senda krakkana út í skemmtilegan ratleik þar sem notast var við snjallsíma til að vinna ýmis verkefni.

Á Selfossi er úrvals aðstaða til að halda mót af þessari stærðargráðu og áttum við gott samstarf

við bæinn sem og Einar Björnsson, EB kerfi/hvíta húsið. Hann sá um uppsetningu á IÐU ásamt landsmótsnefni og sjálfboðaliðum auk þess að sjá um matinn sem var hreint út sagt frábær og það var ánægjulegt á móti þar sem við horfum til umhverfissjónarmiða að sjá hve lítil matarsóun átti sér stað, enda borðuð þátttakendur vel.

Yfirskrift mótsins var: (ó)nýtt landsmót og fjallaði fræðslan um mikilvægi þess að varðveita sköpunarverkið. Við sem kristnir einstaklingar berum ábyrgð á því að varðveita og viðhalda sköpun Guðs og það er skylda okkar að gera allt það sem í okkar valdi er til að skila jörðinni í betra ásíðkomulagi en við tókum við henni.

Að þessu samhengi vildum við horfa sérstaklega til plast notkunar og þeirra áhrifa sem það hefur á jörðina. Með því að minnka plast getum við minnkað þau neikvæðu spor sem við skiljum eftir okkur.

Yfirskriftin minnir okkur jafnframt á að hver hlutur og hugmynd er auðlind. Það sem er ónýtt í augum eins, er nýtt í huga annars. Að endurnýta hluti sem og hugmyndir er til þess fallið að auka verðmæti og sama tíma sýna virðingu, ef við sækjumst alltaf bara eftir einhverju nýju skiljum við aldrei fullkomlega auðinn sem býr í hverjum hlut og hverri hugmynd og því síður það kraftaverk sem jörðin okkar er. Hluti af fræðslunni var settur fram með messy church forminu og var því virkilega vel tekið, unglingarnir tóku virkan þátt og leiðtogar leystu ólík verkefni sem þeim voru falin vel.

FARSKÓLI LEIÐTOGAEFNA

Farskóli leiðtogaefna hefur um árabil verið fastur liður í leiðtoga þjálfun kirkjunnar og hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur þáttur í nýliðun og eflingu æskulýðsstarfs. Farskólinn er metnaðarfullt verkefni sem byggist upp á tíu samverum á ári í tvö ár, þar sem þátttakendur læra að bera ábyrgð á æskulýðsstarfi, hvernig bregðast skuli við aðstæðum sem upp geta komið og margt fleira.

Farskólinn hefur í vetur verið starfræktur í Reykjavík fyrir ungleiðtoga í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og biskupsstofu og á austurlandi í samstarfi við ÆSKA og biskupsstofu.

Veturinn 2016-2017 útskrifuðust samtals 45 nemendur úr farskólanum. Núna starfsárið 2017

– 2018 eru 20 nemendur af höfuðborgarsvæðinu/Selfossi í skólanum og 13 nemendur á austurlandi. Magnea Sverrisdóttir leiðir skólann í Reykjavík, en Ægir Örn Sveinsson leiðir verkefnið fyrir austan.

Virðingarfyllt,
Jónína Sif Eypórsdóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKÞ